



SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS EYSTRÁ

Úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra

I. Stjórnsýsla

1. Tilgangur

Uppbyggingarsjóður hefur það hlutverk að styrkja menningar-, atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni, auk annarra verkefna sem falla að Sóknaráætlun Norðurlands eystra. Sjóðurinn stuðlar að jákvæðri samfélagsþróun, treystir stoðir menningar, eykur samkeppnishæfni landshlutans og stuðlar að sjálfbærni og jákvæðum umhverfisáhrifum.

2. Samkeppnissjóður

Uppbyggingarsjóður er samkeppnissjóður. Umsóknir eru metnar út frá markmiðum og áherslum Sóknaráætlunar Norðurlands eystra. Starfsár sjóðsins miðast við almanaksárið. Styrkveiting úr sjóðnum fellur undir reglugerð ESB nr. 1407/2013 um að opinber stuðningur við verkefni skuli ekki fara yfir 300.000 evrur á hverju þriggja ára tímabili.

3. Úthlutunarnefnd

Stjórn SSNE skipar, eftir tillögum frá sveitarstjórnnum, þrjá fulltrúa í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs til tveggja ára, þar af einn sem formann úthlutunarnefndar, og þrjá varamenn. Í úthlutunarnefnd sitja jafnframt fulltrúar þeirra fagraða sem skipuð eru skv. 1. mgr. 16. gr. samþykktá SSNE. Gæta skal að jöfnustum hlut kynja við skipan úthlutunarnefndar.

Hlutverk úthlutunarnefndar er yfirferð umsókna um styrki til Uppbyggingarsjóðs og val á verkefnum, á grundvelli faglegs mats, sem styrkt verða í samræmi við Sóknaráætlun Norðurlands eystra. Við úthlutun styrkja skal gæta jafnræðis, hlutlægni, gagnsæis og samkeppnissjónarmiða.


4. Framkvæmd

SSNE auglýsir eftir umsóknum í Uppbyggingarsjóð. Í umboði stjórnar SSNE, tekur starfsfólk SSNE við umsóknum og gengur frá þeim í hendur úthlutunarnefndar. Það gegnir leiðbeinandi hlutverki gagnvart umsækjendum og ber að gæta jafnræðis. Eftir úthlutun sér starfsfólk SSNE um samskipti við styrkþega og eftirfylgni verkefna.

II. Verkefnaval

5. Úthlutunarferli

Að jafnaði eru styrkir auglýstir að hausti og þeim úthlutað einu sinni á ári, á síðasta ársfjórðungi. Heimilt er að auglýsa aftur eftir umsóknum ef ástæða þykir til. Auglýsa skal eftir umsóknum um styrki á heimasíðu SSNE og í staðbundnum auglýsingarmiðlum á starfssvæði sjóðsins.



6. Umsækjendur

Umsækjendur skulu vera lögráða einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki eða stofnanir. Jafnframt geta sveitarfélög á Norðurlandi eystra verið umsækjendur en að jafnaði skulu stofnanir, opinber hlutafélög og samtök í meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélaga ekki vera leiðandi aðili í verkefnum styrktum af Uppbyggingarsjóði. Umsækjendur um stofn- og rekstrarstyrki á sviði menningar skulu vera lögaðilar.

7. Umsóknir

Umsóknum skal skilað í rafrænni umsóknargátt Uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra sem hægt er að nálgast á heimasíðu SSNE. **Nauðsynlegt er að skráning í umsóknarkerfi sé á auðkenni umsækjanda.** Að jafnaði getur hver umsækjandi að hámarki hlotið tvo veitta styrki í hverju úthlutunarferli.

Í umsókninni skal vera greinargóð lýsing á verkefninu og markmiðum þess, verk- og tímaáætlun, ítarleg fjárhagsáætlun (kostnaðar- og tekjuáætlun) og upplýsingar um umsækjanda/umsækjendur. Mikilvægt er að kostnaðaráætlanir séu raunhæfar. Einnig skal koma fram hvernig verkefnið styður við markmið Sóknaráætlunar Norðurlands eystra 2020-2024.

8. Fyrri verkefni

Umsækjandi skal hafa skilað lokaskýrslu vegna fyrri verkefna til að ný umsókn verði afgreidd af úthlutunarnefnd.

9. Viðmið um mat á verkefnum

Umsóknir þurfa að falla að markmiðum [Sóknaráætlunar Norðurlands eystra](#). Uppbyggingarsjóður lítur sérstaklega til verkefna sem jafna stöðu allra hópa samfélagsins; óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsetu, aldri, kynhneigð eða kynvitund. Leitast er við að veittir styrkir dreifist á svæðið allt. Við mat á umsóknum er stuðst við matsblað sem nálgast má [hér](#).

10. Styrkir

Uppbyggingarsjóður styrkir að jafnaði ekki meira en 50% af styrkhæfum heildarkostnaði verkefna. Styrkir úr Uppbyggingarsjóði eru þrenns konar;

- a) verkefnastyrkir á sviði menningar
- b) verkefnastyrkir til atvinnuþróunar og nýsköpunar
Verkþættir og kostnaðarliðir sem nauðsynlegir eru við framkvæmd verkefna eru styrkhæfir að frátöldum þeim þáttum sem taldir eru upp í 11.A
- c) stofn- og rekstrarstyrkir á sviði menningar stofn- og rekstrarstyrkir á sviði menningar
Verkþættir og kostnaðarliðir sem nauðsynlegir eru við framkvæmd verkefna eru styrkhæfir að frátöldum þeim þáttum sem taldir eru upp í 11.B. Stofn- og rekstrarstyrki má veita til allt að þriggja ára í senn til eins skiptis á hverjum fimm árum.

11 A. Verkefnastyrkir Uppbyggingarsjóðs á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar og menningar taka ekki til eftirfarandi þátta:

1. Ekki er veittur styrkur til fjárfestinga í fyrirtækjum né til kaupa á lóð eða húsnæði.
2. Ekki er veittur styrkur til að kaupa tölvur eða almennan skrifstofubúnað.
3. Ekki er veittur styrkur til kaupa á aðföngum til framleiðslu sem ætluð er til sölu á markaði.
4. Ekki er heimilt að nota útseldan taxa til viðmiðunar við útreikning launa, heldur skal miða við útborguð laun að viðbættum launatengdum gjöldum. Til hliðsjónar skal hafa almenna kjarasamninga eða reiknað endurgjald.
5. Ekki eru veittir styrkir fyrir útgáfu af nokkru tagi nema sérstaða sé skýr og í samræmi við markmið Sóknararáætlunar. Þó getur sjóðurinn styrkt sjálft sköpunarferlið.
6. Ekki er styrkt starfsemi íþróttafélaga, bæjarhátíðir, samkomur (s.s. tónleikar, minningarsamkomur, sýningar og málþing) án sýnilegrar sérstöðu.
7. Skjalaskráning, safnaðarstarf og hefðbundið menningarstarf innan skóla er ekki styrkt.
8. Sá kostnaður sem fallið hefur til fyrir lok umsóknarfrests vegna þess verkefnis sem sótt er um, er ekki styrkhæfur.

11 B. Stofn- og rekstrarstyrkir á sviði menningar taka ekki til eftirfarandi þátta:

1. Uppbyggingarsjóður veitir ekki stofn- og rekstrarstyrki til þeirra aðila sem lögum samkvæmt eiga rétt á styrkjum úr öðrum sjóðum.
2. Almennt eru rekstrarstyrkir ekki veittir til reksturs á háönn, nema sérstaða sé skýr og í samræmi við markmið Sóknararáætlunar.
3. Ekki er heimilt að nota útseldan taxa til viðmiðunar við útreikning launa, heldur skal miða við útborguð laun að viðbættum launatengdum gjöldum, til hliðsjónar skal hafa almenna kjarasamninga eða reiknað endurgjald.
4. Ekki eru veittir styrkir fyrir útgáfu af nokkru tagi nema sérstaða sé skýr og í samræmi við markmið Sóknararáætlunar. Þó getur sjóðurinn styrkt sjálft sköpunarferlið.
5. Skjalaskráning, safnaðarstarf og hefðbundið menningarstarf innan skóla er ekki styrkt.

6. Sá kostnaður sem fallið hefur til fyrir lok umsóknarfrests vegna þess verkefnis sem sótt er um, er ekki styrkhæfur.

III. Framkvæmd verkefna og samskipti við styrkþega

12. Skilmálar

Umsækjandi samþykkir með umsókn sinni þá skilmála sem koma fram í úthlutunarreglum þessum og að verkefnið verði unnið skv. lýsingu og verkáætlun sem fylgdu fyririggjandi umsókn eða endurskoðaðri áætlun.

Styrkþegi og forsvarsmaður verkefnisins bera alla ábyrgð á framkvæmd þess og skulu ábyrgjast að fullnægjandi leyfi sé fyrir framkvæmd verkefnisins, notkun heimilda svo og öðrum þáttum sem tilheyra verkefninu. Jafnframt hvílir á þeim fjárhagsleg ábyrgð um bókhalds- og framtalsskyldu og hefur Uppbyggingarsjóður aðgang að bókhaldi verkefnisins, ef þess er óskað.

13. Greiðslur styrkja

1. Greiða má styrkvilyrði upp að 1 milljón kr. í tvennu lagi. Fyrri hlutinn, 50%, greiðist í seinni hluta janúar eða síðar sé sérstaklega um það samið. Lokagreiðsla fer fram þegar verkefninu er lokið og styrkhafi hefur skilað fullnægjandi lokaskýrslu.
2. Greiða má styrkvilyrði fyrir verkefni sem eru hærri en 1 milljón kr. í þrennu lagi. Upphafsgreiðslu, 30%, greiðist í seinni hluta janúar eða síðar sé sérstaklega um það samið. Heimilt er að greiða allt að 40% styrkuppþæðar við skil á framvinduskýrslum. Lokagreiðsla fer fram að verkefni loknu þegar styrkhafi hefur skilað fullnægjandi lokaskýrslu.
3. Greiða má stofn- og rekstrarstyrki þannig að 80% styrksins greiðist seinni hluta janúar en 20% eftir að styrkþegi hefur skilað fullnægjandi lokaskýrslu.

Verði verulegar breytingar á verkefninu, án samþykkis úthlutunarnefndar, er styrkur afturkræfur að hluta eða öllu leyti. Allar beiðnir um breytingar þurfa að berast viðkomandi starfsfólki SSNE án tafa. Því er heimilt að taka ákvarðanir um óverulegar breytingar. Óverulegar breytingar teljast t.d. seinkun verkloka fram í mars næsta árs og breyting á staðsetningu viðburða.

Framvindu- og lokaskýrslum skal skilað á þar til gerðu formi sem finna má á [heimasíðu sjóðsins](#).

IV. Önnur ákvæði

14. Ábyrgð og hæfi

Umsækjandi ábyrgist að fullnægjandi leyfi séu fyrir framkvæmd verkefnisins og notkun heimilda ef þarf og ber ábyrgð á öllum þáttum verkefnisins. Styrkþegar skulu uppfylla hæfisskilyrði 2. mgr. 47 gr. laga nr. 84/2007 um opinber innkaup.

Þeir sem sitja í úthlutunarnefnd skulu gæta að hæfisreglum við ákvarðanatöku og víkja sæti ef fyrirliggjandi aðstæður eru til þess fallnar að draga úr trú á óhlutdrægni við val á verkefnum. Við mat á vanhæfi skal hafa til hliðsjónar ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 20 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Sem dæmi, ef nefndarmaður er þátttakandi í umsókn þarf hann að segja sig frá umfjöllun um úthlutun viðkomandi styrkars og þarf þá að kalla inn varamann.

15. Trúnaður

Umsækjendum er heitið trúnaði varðandi umsóknir þeirra í samræmi við upplýsingalög. Birtur verður opinberlega listi yfir styrkþega, heiti verkefnis og styrkuppþæð ásamt kynningartexta. Meðlimir úthlutunarnefndar skuldbinda sig til að eyða öllum gögnum sem þau hafa aðgang að vegna vinnu sinnar í úthlutunarnefnd eigi síðar en 90 dögum eftir að tilkynnt hefur verið um úthlutun úr sjóðnum hvert ár.

16. Endurskoðun

Úthlutunarreglur þessar skulu endurskoðaðar árlega.

Samþykkt af stjórn SSNE 10. september 2024

